

Ed.

629. Nefndarálit

[132. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 1946, um fræðslu barna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin sendi frv. þetta til fræðslumálastjóra og Sambands íslenskra barna-
kennara til umsagnar, og eru svör þeirra prentuð sem fylgiskjöl með nál.

Nú er svo áliðið þings, að óhugsandi er, að frv. þetta geti orðið að lögum á
þessu þingi. Þó að skoðanir nefndarmanna séu nokkuð skiptar um málið, hafa
þeir þó orðið sammála um að leggja til, að frv. verði vísað til **rikisstjórnarinnar**.

Tveir nefndarmenn (HG og SÓÓ) voru fjarstaddir, þegar nefndin afgreiddi
málið.

Alþingi, 27. marz 1956.

Ingólfur Flygenring,
form.

Andrés Eyjólfsson,
fundaskr.

Bernh. Stefánsson,
frsm.

Fylgiskjal I.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

26. janúar 1956.

Vegna frumvarps til laga á þskj. 239, sem menntamálanefnd Nd. Alþingis sendi
hingað til umsagnar 23. þ. m., skal þetta sagt:

1. Stefnt er að því, að farkennslufyrirkomulagið hverfi og heimavistarskólar,
heimanaksturs- eða heimangönguskólar komi í staðinn. Þess vegna kemur vart
til greina að skipa farkennara, hvort sem þeir hafa kennarapróf eða ekki.
2. Samkv. skrá þeirri, sem vitnað er til í greinargerð frumvarpsins, eru nú aðeins
4 kennarar í fóstum skólum, sem kennt hafa 15 ár og lengur, og 3 kennarar
eru í fóstum skólum, sem kennt hafa 10—14 ár. Hér er því vart nema um 7
kennara að ræða næstu 5 árin, sem fengið gætu veitingu fyrir stöðum sínum
samkv. heimild frumvarpsins, svo fremi að farskólum verði ekki breytt í fasta
skóla.

3. Sé aðaltilgangur frumvarpsins sá, að fólk, sem kennt hefur í 15 ár eða lengur, geti fengið fengið veitingu fyrir stöðum þeim, er það gegnir nú, tel ég, að það taki ekki „brauð“ frá fólki, sem hefur lokið kennaraprófi, því að hér er yfirleitt um stöður að ræða, sem kennaraprófsfólk hefur ekki sótt um.
4. Enda þótt ég telji litlar líkur vera til þess, að hróflað verði við þeim kennurum næsta áratuginn, sem ekki hafa kennarapróf, en kennt hafa 10 ár eða lengur, — hvað þá þeim, sem þegar hafa kennt í a. m. k. 15 ár, — þá er eðlilegt, að kennararnir teldu framtíð sinni betur borgið, ef þeir fengju veitingu fyrir stöðum þeim, er þeir gegna nú.
5. Frumvarpið sjálft ber ekki með sér, hvort ætlazt sé til þess, að hlutaðeigandi kennari öðlist almenn kennararéttindi hliðstæð kennaraprófi. Ég geng út frá, að svo sé ekki, heldur sé heimildinni aðeins ætlað að tryggja það, að kennarinn fái að halda stöðu þeirri, er hann hefur nú, og þurfi ekki að víkja, hvaða ár sem maður með kennaraprófi kann að leita eftir starfinu (sbr. grg.).
6. Ég get ekki mælt með því, að umrædd heimild verði veitt án tímatakmarkunar, því að þótt nú sé hörgull á kennurum með kennaraprófi, m. a. vegna þess, að margir kennarar eiga vól á betur launuðum störfum, þá getur það breytzt fyrr en varir. Hins vegar sé ég ekki ástæðu til þess að amast við því, að heimildin verði veitt í 5 ár, þ. e. til ársloka 1960. Enn fremur tel ég sjálfsagt, að hlutaðeigandi skólanefnd þurfi að óska eftir skipun kennarans. Tel ég því, að orða ætti heimildina þannig:
 „Þó má til ársloka 1960, að fenginni ósk hlutaðeigandi skólanefndar, skipa próflausa kennara, þegar þeir hafa starfað sem ráðnir eða settir kennarar í 15 ár eða lengur, ef námsstjóri og fræðslumálastjóri mæla með því.“

Helgi Eliasson.

Til menntamálanefndar neðri deildar, Alþingi.

Fylgiskjal II.

SAMBAND ÍSLENZKRA BARNAKENNARA

Reykjavík, 6. febrúar 1956.

Hér með leyfir stjórn Sambands ísl. barnakennara sér að senda háttvirtri menntamálanefnd eftirfarandi ályktun sem svar við fyrirspurn nefndarinnar, dags. 23. jan. s. l., varðandi afstöðu S. Í. B. til breytingartillögu á þingskjali 239 við lög nr. 34 1946, um fræðslu barna.

Stjórn Sambands ísl. barnakennara vill vekja athygli á því, að meðal höfuðstefnumála kennarasamtakanna er aukin kennaramenntun og réttindamál. Hafa verið gerðar um þau mál samþykktir á mörgum kennaraþingum, og kennarasamtökin fagna þeim árangri, sem þegar hefur náðst.

Stjórn S. Í. B. mótmælir því mjög eindregið breytingu þeirri á fræðslulögunum, sem felst í nefndu frumvarpi. Hefur stjórnin leitað álits skólastjóra kennaraskólans um þetta mál, og er hann fyllilega samþykkur að mæla gegn frumvarpinu.

Kennarastéttin hefur margsýnt það og sannað, að henni er annt um menntun sína. Þeir eru mjög margir innan hennar, sem brotízt hafa í því að afla sér framhaldsmenntunar til viðbótar við þá fræðslu, sem þeir hlutu til kennaraprófs. Skilyrði þess, að sá andi haldist, virðist vera það, að ekki sé slakað á undirbúningskröfum. Séu þær kröfur skornar niður í svo að segja ekki neitt, hlýtur stéttin að missa traust annarra og virðingu fyrir sjálfri sér. Á undanförunum árum hefur verið unnið að því, þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður, að auka og bæta kennaranámið. Náms tími á ári hefur verið lengdur, námsárum fjölgað úr þremur í fjögur og inntöku-

skilyrði í skólann stórlega þyngd. Allt þetta miðar að því að gera kennarastéttina sem hæfasta í starfi. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að menn geti öðlazzt full kennara-
réttindi án þess að hafa lokið þessu námi. Afleiðing af því hlýtur að verða sú, að
aðstaða kennaraskólans veikist á allan hátt. Mundi því margur hugsa sig um tvisvar,
hvora leiðina hann ætti að velja, að leggja út í jafnerfitt nám og kennaranámið
er nú þegar orðið eða fara beint út í kennarastarf og ávinna sér réttindi með því
móti. Innan fárra áratuga gæti þá svo farið, að próflausir menn og lítt lærðir yrðu
í meiri hluta innan barnakennarastéttarinnar.

Stjórn S. Í. B. hefur borizt eftirfarandi ályktun frá skólafélagi kennaraskólans:

„Fundurinn lítur svo á, að enginn maður geti orðið alhliða hæfur kennari af
reynslunni einni saman, heldur verði hann að byggja á þeirri þekkingu, sem færustu
kennarar geta veitt með leiðbeiningu og þjálfun. Það beri því að keppa að því, að
allir barnakennarar framtíðarinnar verði sem best menntaðir í sinni grein, og þeim
einum verði veitt full réttindi til að kenna í barnaskólum landsins, sem lokið hafa
tilskildu kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands.“

Það er því sameiginleg skoðun sambandsstjórnar og skólastjóra kennaraskól-
ans, að þjóðarheildinni sé nauðsyn að eiga sérmenntaða og vel menntaða kenn-
arastétt. Úr því, sem á vantar, að svo sé nú, virðist frumvarp þetta sízt bæta. Það er
frekar uppgjöf á allri viðleitni til umbóta og gengur í berhögg við stefnumál kenn-
arasamtakanna.

Pálmi Jósefsson,
form.

Guðmundur Í. Guðjónsson,
ritari.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.